

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík  
[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)



Reykjavík, 24. nóvember 2020

**Efni: Umsögn um breytingar á reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum**

Hinn 12. febrúar 2020 birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að annars vegar reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum, nr. 666/2001, með síðari breytingum, og hins vegar reglugerð um breytingu á reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000, með síðari breytingum. Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir ofangreind drög og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

SAF hafa lengi óskað eftir samtali við stjórnvöld um skýran regluramma fyrir skip og báta í útsýnis- og skoðunarferðum. Samtökin leggja því áherslu á að eiga öflugt samráð við samgönguráðuneytið við gerð reglna. Þar leggja samtökin mikla áherslu á ákvæði um öryggisstjórnunarkerfi fyrir farþegaskip og farþegabáta í útsýnis- og skoðunarferðum. Samtökin hafa ítrekað rætt slíkt fyrirkomulag við stjórnvöld en það ætti að veita útgerðum frekari ábyrgð gagnvart eign rekstri og tryggja betur öryggi farþega og skipverja. Það er skoðun samtakanna að viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi útgerðar geti gefið ákveðinn sveigjanleika varðandi kröfur um búnað, mönnun og farsvið ferða sem að jafnaði taka ekki lengri tíma en 4 klst.

Samtökin benda á mikilvægi þess að meðalhófs verði gætt kröfum til þeirra farþegaskipa sem stunda styttri útsýnis- og skoðunarferðir og falla undir ofangreindar reglugerðir. Þá telja samtökin afar mikilvægt að farsvið fyrir farþegaskip í styttri útsýnis- og skoðunarferðum verði sérstaklega skilgreind í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir og að skip sem eru 24m að lengd eða meira falli einnig undir það farsvið. Samtökin vilja einnig koma á framfæri ábendingu um að endurnýja þarf farsviðin sem nú eru skilgreind skv. korti í viðauka við reglugerð 666/2001.

Samtökin vilja samhliða fyrrgreindum ábendingum koma á framfæri ósk um að eiga margumrætt samráð við Samgönguráðuneytið og Samgöngustofu um mönnunarmál, búnað og farsvið.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson".

Gunnar Valur Sveinsson